



Gufunes - Endurnýjun á starfsleyfi Moldarblöndunnar – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. mars 2025 var lögð fram fyrirspurn Moldarblöndunnar-Gæðamoldar ehf., dags. 7. febrúar 2025, um áframhaldandi starfsemi fyrirtækisins að Gufunesvegi.



Hugmyndasamkeppni



Loftmynd



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið OP8 Gufunes. Borgargarður. Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi. Samkvæmt Aðalskipulagi liggur stofnstígur í gegnum svæðið.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

Fyrirspurn

Í gildi er starfsleyfi fyrir Moldarblönduna-Gæðamold ehf. í Gufunesi, sem gildir til 30.10.2026. Nú er í undirbúningi umsókn til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um framlengingu á starfsleyfinu og breytingu þess, þannig að það nái einnig til móttöku og vinnslu steinefna frá framkvæmdasvæðum í Gufunesi og á Ártúnshöfða.

Á fundi með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur kom fram að nauðsynlegt væri að afla umsagnar skipulagsfulltrúa um áframhaldandi starfsemi á svæðinu, þar sem fyrirhugað vegstæði Sundabrautar liggur í gegnum það.

Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um áframhaldandi starfsemi Moldarblöndunnar-Gæðamoldar ehf. á svæðinu, með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Lagt er til að starfsleyfið verði veitt

til næstu 12 ára, með 6 mánaða uppsagnarfresti, sem hægt verði að virkja þegar ákvörðun hefur verið tekin um lagningu Sundabrautar af hálfu Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar.

Umsögn

Núverandi starfsemi er ekki beint í samræmi við landnotkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Svæðið er skilgreint sem borgargarður þar sem gert er ráð fyrir útivist og frístundariðkun.

Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Sundabraut liggji í gegnum svæðið. Eins og staðan er þá eru nokkrir valkostir til skoðunar, sem hafa ýmist engin áhrif á moldarframleiðslu á svæðinu eða þrengja verulega að starfsemi Gæðamoldar. Reiknað er með að niðurstaða um legu Sundabrautar í Gufunesi liggji fyrir innan árs.

Óskað er eftir að það verði gerður samningur um starfsleyfi til 12 ára með 6 mánaða uppsagnarfrest. Það eru ekki uppsagnarákvæði í starfsleyfum né eru ákvæði um slíkt í löggjöfinni. Alla jafna eru starfsleyfi gefin út til 12 ára en í til fellu eins og þessu þar sem framtíðin á svæðinu er óljós er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa. Á við þar sem skipulagsmál eru í óvissu, eða fyrirhuguð breyting á landnotkun í skipulagi. Síðasta starfsleyfi var gefið út til rúmra 2 ára að tillögu skipulagsfulltrúa og rennur það út í lok árs 2026.

Innan árs ætti lega Sundabrautar að liggja fyrir. Ekki er mælt með að endurnýja starfsleyfið fyrr en sú staðsetning liggur fyrir.

Niðurstaða

Neikvætt er tekið í erindið að sinni vegna þess að skipulag fyrir svæðið liggur ekki fyrir.